



## Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. 15. mars 2017

### Ályktunartillögur stjórnar fyrir aðalfund félagsins

#### **2. Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2016 verði samþykktur.

#### **3. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 0,46 á hlut fyrir árið 2016. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 1.023 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 15. mars 2017 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 17. mars 2017 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 16. mars 2017 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 6. apríl 2017 (arðgreiðsludagur).

#### **4. Tillaga um lækkun hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun**

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 15. mars 2017, samþykkir að lækka hlutfé félagsins úr kr. 2.296.436.567 að nafnverði í kr. 2.223.497.541 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 72.939.026 sé þannig eytt.“

##### Greinargerð:

Á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. þann 12. mars 2015 var samþykkt að heimila stjórn, m.a. í formi formlegrar endurkaupaáætlunar, að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af hlutfé félagsins, þ.e. að hámarki kr. 243.848.052 hluti að nafnverði.

Þann 30. apríl 2015 ákvað stjórn VÍS að kaupa mætti eigin hluti fyrir allt að 1.000.000.000 kr. að markaðsvirði. Því var lokið sjö mánuðum síðar. Þá höfðu 4,88% af útgefnu hlutfé félagsins verið keypt eða tæplega helmingur þess sem aðalfundur hafði heimilað.

Á aðalfundi VÍS þann 16. mars 2016 var ákveðið að lækka hlutfé félagsins úr kr. 2.438.480.516 að nafnverði í kr. 2.296.436.567 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 142.043.949 væri þannig eytt. Hlutfjárlækkunin var svo framkvæmd þann 13. apríl 2016.

Þann 24. apríl 2016 ákvað stjórn VÍS að kaupa mætti eigin hluti fyrir allt að 70.000.000 kr. að nafnverði. Því var lokið rúmum þremur mánuðum síðar. Þá höfðu 3,05% af útgefnu hlutfé verið keypt til viðbótar.

Þann 25. ágúst 2016 ákvað stjórn VÍS að halda endurkaupum áfram en heimildin gildi til 12. september 2016. Samkvæmt þeirri endurkaupaáætlun var áætlað að kaupa að hámarki hluti að nafnverði kr. 12.500.000 eða sem samsvarar 0,55% af útgefnu hlutfé félagsins. Fjárhæð endurkaupanna skyldi þó ekki verða hærri en kr. 100.000.000. Framkvæmd endurkaupaáætlunar þessarar lauk þann 9. september 2016. Eftir framkvæmd þessarar endurkaupaáætlunar á VÍS samtals 3,18% (kr. 72.939.026) af heildarhlutfé félagsins sem er 2.296.436.567.

Endurkaupaáætlanir félagsins voru framkvæmdar í samræmi við II. kafla viðauka reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik.

## **5. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti**

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfiðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfiðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

## **6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á samþykktum félagsins. Er um þær fjallað í sér skjali sem er hluti af ályktunartillögum þessum.

## **7. Kosid í stjórn félagsins.**

Stjórn félagsins leggur til að kosnir verði fimm aðalmenn til stjórnar og tveir til vara fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins, [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar). Framboðsfrestur til setu í stjórn VÍS rennur út kl. 16:00 þann 10. mars nk.

Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is) eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík fyrir fyrrgreindan tíma. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnarsetu verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

## **8. Tillaga um starfskjarastefnu og starfsreglur um kaupaukakerfi.**

Breytingarnar sem lagðar eru til tengjast flestar nýjum lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

Eftirfarandi breytingar eru helstu breytingar á núgildandi starfskjarastefnu félagsins sem stjórn leggur til við aðalfund að verði samþykktar.

### Breyting á grein 3.4:

Fyrirsögn í gr. 3.4 breytt úr „Starfskjör annarra æðstu stjórnenda“ í „Starfskjör þeirra sem hafa mikil áhrif á áhættusnið félagsins“.

1. mgr. greinar 3.4 orðast svo: „Forstjóri ræður framkvæmdastjóra yfir framkvæmdasvið félagsins og aðra æðstu stjórnendur þess, s.s. forstöðumann fjárfestinga. Framangreindir aðilar teljast hafa mikil áhrif á áhættusnið félagsins í skilningi löggjafar um váttryggingastarfsemi. Kjör þeirra skulu vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til þeirra skal taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð og umfangi starfsins.“

### Ný grein í 3.5 sem orðast með eftirfarandi hætti:

„Forstjóri ræður forstöðumenn yfir lykilstarfssvið félagsins. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn lykilstarfssviðsins. Kjör þeirra skulu vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til þeirra skal taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð og umfangi starfsins.“

Við starfslok skal almennt ekki samið um lífeyris- eða starfslokagreiðslur umfram það sem fram kemur í ráðningarsamningi. Þó skulu greiðslur aldrei miðast við lengri tíma en lög mæla fyrir um.“

Að öðru leyti er vísað til draga að nýrri starfskjarastefnu í heild sem fylgir með aðalfundarboði en drögin innihalda einnig aðrar smávægilegar breytingar. Uppfærð starfskjarastefna með öllum breytingum sem lagðar eru til er hluti af aðalfundargögnum. Starfsreglur um kaupaukakerfi félagsins eru óbreyttar frá síðasta aðalfundi og skoðast sem hluti af starfskjarastefnunni.

### **9. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.**

Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 382.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 655.000,- fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 382.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 109.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði kr. 175.000 fyrir hvern fund en aðrir nefndarmenn fái kr. 87.500. Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði kr. 55.000 fyrir hvern fund, en formaður fái kr. 100.000. Þóknun fyrir formennsku í nýrri áhættunefnd stjórnar verður kr. 87.500 á hvern fund, en aðrir nefndarmenn fái kr. 43.750.

#### Greinargerð:

Lagt er til að þóknun stjórnar verði breytt með hliðsjón af breytingu á launavísitölu á síðustu 12 mánuðum. Fjárhæð fastrar mánaðarlegrar þóknunar verði hækkuð úr kr. 350.000,- í kr. 382.000,- fyrir almennan stjórnarmann og úr kr. 600.000,- í kr. 655.000, fyrir formann. Þá er lagt til að varamenn í stjórn fái áfram árlega greidda fjárhæð sem nemur mánaðarlegri þóknun stjórnarmanna (kr. 382.000) auk greiðslu fyrir hvern fund sem þeir mæta á, en sú fjárhæð hækkar úr kr. 100.000 í kr. 109.000.

Lagt er til að fjárhæð þóknunar fyrir setu í núverandi undirnefndum stjórnar breytist á sama hátt og þóknun stjórnar, þ.e. með hliðsjón af breytingu á launavísitölu á síðustu 12 mánuðum. Þóknun vegna setu í endurskoðunarnefnd verður núna á hvern fund sem er breyting frá því sem áður var. Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði hækkuð úr kr. 160.000 í 175.000 á hvern fund en aðrir nefndarmenn verði hækkaðir úr kr. 80.000 kr. í 87.500. Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði hækkuð úr 50.000 í kr. 55.000 fyrir hvern fund, en formaður fær núna meiri þóknun (kr. 100.000) þar sem vinnuframlag er að jafnaði meira en annarra nefndarmanna.

Þann 1. október 2016 tóku ný lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 gildi sem innleiða hina s.k. Solvency II tilskipun með formlegum hætti. Innleiðing á tilskipuninni hefur þó staðið yfir síðustu ár hjá félaginu. Einn lykilmáttur í Solvency II eru auknar kröfur til stjórnkerfis váttryggingafélaga, þ. á m. til áhættustýringar auk innri stjórnunar og eftirlits. Sem liður í því að styrkja enn frekar stöðir áhættustýringar og innri stjórnunar og eftirlits í félaginu mun stjórn innan tíðar skipa í nýja undirnefnd, áhættunefnd, sem mun taka að sér hefðbundin verkefni áhættunefnda félaga á fjármálamarkaði. Þóknun nefndarmanna áhættunefndar verður helmingur þóknunar nefndarmanna endurskoðunarnefndar.

### **10. Kosning endurskoðunarfélags.**

Stjórn leggur til að KPMG ehf. verði endurkjörð sem endurskoðunarfélag VÍS til næsta árs.

#### Greinargerð:

KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag VÍS til fimm ára á aðalfundi félagsins 7. mars 2013, sbr. 4. mgr. 57. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Í samræmi við lög um ársreikninga og samþykktir félagsins þarf aðalfundur þó að staðfesta ráðningu endurskoðunarfélags árlega.